



Yfirlýsing varðandi nýlegar hugmyndir í arkitektúr og skipulagsmálum

Undanfarnar vikur hefur nokkur umræða átt sér stað um arkitektúr og skipulagsmál, einkum í kjölfar hugmynda forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, um málefni þessu tengdu. Stjórnir þriggja fagfélaga sem starfa á þessu sviði vilja í þessu samhengi bregðast við nokkrum af þeim atriðum sem borið hefur á góma:

Hugmyndir um viðbyggingu við Alþingishúsið eftir 100 ára gamalli teikningu Guðjóns Samúelssonar
Það er afar óeðlilegt að ætla að ákveða útlit byggingar með jafn afgerandi hætti og lagt er til í þingsályktunartillögu um aldarafmæli fullveldis Íslands sem birt var þann 1. apríl síðastliðinn. Þó að mikilvægt sé að huga að sögulegu gildi umhverfis þá er það veik framtíðarsýn að taka útgangspunkt í fortíðinni. Mikilvægt er að uppbygging og hönnun endurspegli raunveruleika þess samfélags sem er til staðar hverju sinni. Því er mun nær að leggja alúð við að greina samhengi viðkomandi verkefnis svo hægt verði að fletta saman nýju og gömlu á auðmjúkan en skapandi hátt.

Endurbygging Valhallar á Þingvöllum

Uppbyggingu í Þjóðgarðinum á Þingvöllum þarf að skoða í víðara samhengi, en með hvaða hætti Valhöll verður endurbyggð, líkt og lagt er til í áður nefndri þingsályktunartillögu. Liggja þarf fyrir skýr framtíðarsýn um þjóðgarðinn í heild sinni í tengslum við náttúru, sögulegt umhverfi og heimsmínjaskrá Sameinuðu þjóðanna, áður en teknar eru ákvarðanir um einstakar aðgerðir. Endurskoðun á stefnumótun fyrir Þingvelli, þar sem mótuð er framtíðarsýn fyrir þjóðgarðinn, er því lykilatriði. Þannig er unnt að taka ákvarðanir sem byggðar eru á skynsömum og faglegum grunni, á þessum stað sem er okkur öllum svo kær.

Hugmynd um nýja staðsetningu Landspítalans

Þó að ákvörðun um staðsetningu Landspítala sé umdeild þá er hún byggð á faglegri skipulagsgerð og hefur farið í gegnum lögbundna ferla. Það er því afar gagnrýnisvert að setja jafn mikilvægt verkefni í uppnám með illa ígrunduðum pælingum um aðra staðsetningu. Því er vert að hafa í huga að orðum fylgja ábyrgð.

Framtíð Reykjavíkurlugvallar

Skiptar skoðanir eru um hvort Reykjavíkurlugvöllur eigi að víkja úr Vatnsmýrinni eða ekki. Í því samhengi er mikilvægt að hvetja til hófstiltrar og málefnalegrar umræðu, í stað þess að sá fræjum sundurlyndis. Ummæli forsætisráðherra um að borgaryfirvöld beiti brögðum til að losna við Reykjavíkurlugvöll eru í því ljósi óheppileg sem og sú hugmynd að ráðherra fari með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á Reykjavíkurlugvelli. Að taka skipulagsvald frá sveitarfélögum er ekki skynsamlegt og ekki í anda þess að færa ákvarðanatöku í skipulagsmálum nær almenningi.

Hvert skal halda?

Eins og með önnur málefni getur umræða um arkitektúr og skipulag verið snúin, þar sem hægt er að sjá viðfangsefnið út frá mörgum ólíkum sjónarhornum. Þessi fjölmörgu sjónarhorn geta þó að sama skapi verið uppspretta fyrir frjóar og skemmtilegar samræður. Í því ljósi viljum við bjóða stjórnvöldum upp á samtal um okkar byggða umhverfi, hvort sem það er stórt eða lítið, gamalt eða nýtt. Samtal um hvernig þessar stéttir vinna, við að greina umhverfið og þróa það með fagmennsku að leiðarljósi en þó umfram allt samtal um framtíðina; hvernig stjórnvöld, fagaðilar og íbúar geta mótað hið byggða umhverfi í sameiningu og skapað þannig ramma utan um skemmtilegt og fjölbreytilegt samfélag.

Fyrir hönd stjórnna Arkitektafélags Íslands, Félags íslenskra landslagsarkitekta og Skipulagsfræðingafélags Íslands,

Aðalheiður Atladóttir, formaður AÍ
Hermann Georg Gunnlaugsson, formaður FÍLA
Erla Margrét Gunnarsdóttir, formaður SFFÍ